Geðlæknafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2016

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum (hámarksgreiðslur sjúkratryggðra og þjónustustýring) þingskjal 1104 — 676. mál.

Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á 29. gr. laganna. aðaltilgangur lagabreytinganna er að setja þak á hámarksgreiðslur sjúkratryggða fyrir heilbrigðisþjónustu. Einnig eru í frumvarpinu tillögur um þjónustustýringar (tilvísanakerfi).

Geðlæknafélagið telur það af hinu góða að reynt sé að bæta og einfalda greiðsluþáttökukerfi heilbrigðisþjónustunnar, en núverandi kerfi kerfi leiðir af sér að sumir lenda í mjög miklum kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.
Í frumvarpinu kemur þó fram að í stað þess að ríkið greiði þennan viðbótarkostnað, flyst hann yfir á aðra sjúklinga þannig að þeir sem eru að borga minna í dag muni borga meira.
Nú þegar greiða sjúkratryggðir of háar upphæðir úr eigin vasa fyrir þjónustu heilbrigðiskerfisins, og eðlilegt væri frekar að draga úr kostnaði einstaklinga við notkun heilbrigðisþjónustunnar.
Þessi aukna greiðslubyrði mun leggjast hart á sjúklinga sem þurfa á þjónustu geðlækna að halda. Geðsjúkdómar eru algengustu langvinnu sjúkdómar ungs fólks og ein algengasta orsök örorku. Nú þegar verðum við þess vör að hár kostnaður hindrar suma frá því að leita sér aðstoðar.
Til lengdar er það ekki til góðs hvorki fyrir heilsu einstaklinga né heilbrigðiskostnað að sjúkratryggðir dragi að leita sér heilbrigðisþjónustu. Slíkur dráttur getur orðið verulega kostnaðarsamur fyrir heilbrigðiskerfið vegna aukins kostnaðar síðar meir, auk skaða fyrir einstaklinginn.

Frumvarpið felur einnig í sér möguleika á svokölluðu tilvísankerfi. Slíkt kerfi er nú þegar í notkun hjá mörgum geðlæknum sem starfa á stofu og taka ekki sjúklinga nema gegnum tilvísun. Eðlilegt er að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu, en til þess að svo megi verða þarf að fjölga verulega heimilislæknum. Þá er vert að hafa í huga að í sumum tilvikum er heilsugæslan óþarfa milliliður. Auk þess er kostnaður þjónustu sem sérfræðilæknar veita lægri en kostnaður við sambærilega þjónustu sem veitt er annars staðar í heilbrigðiskerfinu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar geðlæknafélags Íslands,

Þórgunnur Ársælsdóttir formaður.